

Áfangalýsing

| | |
|--|--|
| Titill | Sjálfbóðaliðastörf |
| Námsgrein | Val |
| Viðfangsefni | Sjálfbóðaliðastörf innan íþróttahreyfingarinnar |
| Skammstöfun | SJÁL2ÍH02 |
| Staða | |
| Þrep | 2 |
| Einingafjöldi | 2 |
| Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla | SJÁL2ÍH02 |
| Lýsing | <p>Markmiðið með þessum áfanga er að kynna nemendum sjálfbóðaliðastörf innan íþróttahreyfingarinnar og mikilvægi þeirra í samstarfi við Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK). Það að sinna sjálfbóðaliðastarfi hefur í för með sér ýmsan ávinning, markmiðið er að nemendur sem sitja þennan áfanga upplifi þann ávinning.</p> <p>Einstaklingar sem sinna sjálfbóðaliðastarfi lýsa því að þátttaka þeirra hafi veitt þeim aukið sjálfstraust, bætt félagshæfni þeirra, kennt þeim að starfa í hóp og þau hlotið fjölbreytta reynslu á ýmsum sviðum sem nýtist þeim til framtíðar. Auk þess fylgir almenn ánægja af því að vera í félagsskap og félagsstarfi með fjölbreyttum hópi fólks. Samfélagslega séð sýna sjálfbóðaliðar virkni með því að ljá rödd sína, hjálpa fólki og vinna að umbótum auk þess að öðlast aukna innsýn inn í samfélagið og málefni sem starfið lýtur að. Þau gildi sem helst ráða því að fólk kýs að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi eru samkennd, réttlætistilfinning, hjálpsemi og ábyrgð.</p> <p>Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur og munu nemendur m.a. kynnast stjórnskipulagi íþróttahreyfingarinnar og rekstri, skyldum og ábyrgð stjórnarfólks og þeim fjölbreyttu störfum sem sjálfbóðaliðar vinna af hendi innan íþróttahreyfingarinnar á degi hverjum.</p> <p>Áfanginn fer fram utan hefðbundinnar stundaskrár, þ.e. fræðsluerindin eru haldin seinni part dags og nemendur vinna verklega þátt áfangans á þeim tíma sem hentar þeim og verkefninu.</p> |
| Forkröfur | |
| Þekkingarviðmið | <p>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</p> <ul style="list-style-type: none">• mikilvægi sjálfbóðaliðans í íþróttahreyfingunni• á skipulagi íþróttahreyfingarinnar |
| Leikniviðmið | <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• vinna í hóp og efli sína félagslegu færni |
| Hæfniviðmið | <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• starfa í sjálfbóðaliðaverkefnum innan íþróttahreyfingarinnar í framtíðinni• vinna eftir ákveðnu verklagi sem og að geta brugðist við ólíkum aðstæðum og ólíkum hópum |

| | |
|--------------------|---|
| Námsmat | <p>Upphafskynning á áfanga - 1 klst</p> <p>3x 1,5 klst Fræðsluerindi - alls um 4,5 klst</p> <p>Verkleg sjálfböðavinna á vegum félags – alls að lágmarki 30 klst Nemandi skal, í samráði við umsjónafólk áfangans, finna sér sjálfböðaliðastarf innan félags við hæfi. Þetta getur t.d. verið aðstoð við móta- eða viðburðahald, fjáröflunarverkefni eða útbreiðsluverkefni. Athugið að ekki skal velja verkefni sem eru almennt launuð, sbr. til dæmis þjálfun. Leitast skal við að velja a.m.k. tvö ólík verkefni, gjarnan innan sitt hvors félagsins en ekki nauðsynlegt, sem þó má endurtaka eins oft og þurfa þykir til að standast tímaviðmið þessa liðs.</p> <p>Lokahittingur - 1 klst</p> <p>Skýrsluskrif nemanda – alls um 6 klst Samtals 42,5 klst</p> <p>Mætingaskylda er í fræðsluerindi, upphafskynningu og lokahitting.</p> <p>Til að standast áfangann þarf að skila inn útfylltri skýrslu þar sem kröfum um tímafjöldu er mætt og fá hana samþykktu af umsjónarmanni áfangans. Í skýrslunni skal mat á eigin framlagi koma fram sem og umsögn umsjónaraðila sjálfböðaliðaverkefna. Vinna skal skýrslu eftir forminu hér að neðan. Ekki er heimilt að afrita skýrslu frá öðrum eða nýta gervigreind við vinnslu skýrslunnar. Aðrar óskir, líkt og ósk um samvinnu nemenda, skal bera undir kennarann/umsjónaraðilann fyrirfram.</p> |
| Útgáfunúmer | |
| Skólar | |
| Fyrirmynd | |